



Borgarráð

Reykjavík, 27. apríl 2026

MSS26020006

Tillaga um skammtímalausn vegna frírra strætóferða fyrir grunnskólabörn

Lagt er til að borgarráð samþykki:

1. Að boðið verði upp á tímabilskort í Klapp-appi Strætó í maí og júní 2026 fyrir reykvísk börn á grunnskólaaldri (1.–10. bekk) sem brúarlausn á meðan varanleg útfærsla er unnin. Foreldrar sækja sérstaklega um kortið og skólarnir sjái um umsýslu með kaupum.
2. Að börnum sem ganga í skóla á Kjalarnesi verði tryggt sambærilegt aðgengi að lausninni í gegnum niðurgreiðslu á ferðakostnaði þá mánuði sem brúarlausnin nær yfir.
3. Að starfshópurinn hefji viðræður við Almennings- og samgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf., sem tekur við rekstri af Strætó bs. 1. júlí 2026, um varanlega útfærslu á fríum strætóferðum fyrir reykvísk börn á grunnskólaaldri frá 1. júlí 2026.
4. Að sett verði af stað umfangsmat á NFC-uppfærslu Klapp-appsins sem starfshópur um málið leggur til að verði varanlega lausnin. Niðurstaða umfangsmats liggja fyrir sem allra fyrst svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir fyrir 1. júlí 2026.

Heildarkostnaður við tillögurnar eru 47 m.kr fyrir tímabilið maí og júní og verði fjármagnaður með viðauka.

Greinargerð

Borgarstjórn samþykkti 3. febrúar 2026 tillögu samstarfsflokka um að gjaldtaka í strætisvögnum yrði felld niður vegna reykvískra barna á grunnskólaaldri, og að framkvæmdin gæti tekist eigi síðar en 1. maí 2026. Borgarstjóra var falið, í samstarfi við fjármála- og áhættustýringarsvið, skóla- og frístundasvið, þjónustu- og nýsköpunarsvið og Strætó bs. að kostnaðarmeta tillöguna og undirbúa framkvæmd hennar.

Starfshópurinn hefur í samráði við Strætó komist að þeirri niðurstöðu að full innleiðing 1. maí 2026 er ekki raunhæf. Allar útfærsluleiðir sem til greina koma (raunnotkun, árskort, blönduð leið) krefjast hugbúnaðarþróunar sem ekki er tilbúin, og skipulagsbreytingar hjá Strætó flækja málið frekar. Á sama tíma er mikill fjöldi fyrirspurna að berast frá foreldrum sem búst við að lausnin taki gildi 1. maí.

Til að standa við fyrirheit borgarstjórnar er því lagt til að farið verði í brúarlausn þar sem foreldrar geta sótt um tímabilskort fyrir börn sín í maí og júní.

Kostnaður

Þakrammi miðast við að öll reykvísk grunnskólabörn (1.–10. bekkur) nýti sér lausnina og er þakið u.þ.b. 70 m.kr. fyrir maí og júní. Raunhæf nýting verður talsvert lægri þar sem foreldrar þarfa að sækja sérstaklega um. Miðað við að 2/3 hluta barna fái kort yrði kostnaður um 47 m.kr. fyrir tímabilið.



Reykjavík



Kaup á mánaðarkortum á hilluverði eru ekki hagkvæmasta leiðin til lengri tíma og því er lagt til að skoðað verði hvort Strætó geti boðið magnafslátt þá tvo mánuði sem um ræðir.

Niðurgreiðsla vegna barna í skóla á Kjalarnesi tryggir jafnræði í aðgengi að lausninni óháð búsetu innan borgarmarka.

Brúarlausnin nær yfir maí og júní. Þann 1. júlí 2026 taka Almennings-samgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. við rekstri af Strætó bs. og ekki er hægt að skuldbinda Strætó lengur en til þess tíma. Því þarf samhliða brúarlausninni að hefja viðræður við nýja félagið um varanlega útfærslu, sem starfshópurinn leggur til að verði NFC-uppfærsla á Klapp-appinu. Með upprunalegu tillögunni er einnig bent á mikilvægi þess að skoða tengingu við stafrænt borgarkort, og NFC-uppfærslan gæti verið forsenda þess að sú tenging verði raunhæf.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík